

Skýrsla Orkustofnunar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði



Höfundur:
Benedikt Guðmundsson

Skýrsla Orkustofnunar til
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um
niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

OS-2014/03



978-9979-68-342-1

Orkustofnun

Orkugarður • Grensásvegi 9 • 108 Reykjavík • Sími 569 6000 • Fax: 568 8896 • os@os.is • www.os.is

**ORKUSTOFNUN**

Lykilsíða

Skýrsla nr.: OS-2014/03	Dags.: 30. október 2014	Dreifing: Opin x Lokuð ☐ Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Skýrsla Orkustofnunar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um niðurgreiðslu húshitunarkostnaði		Upplag: 12 Fjöldi síðna: 13
Höfundar: Benedikt Guðmundsson		Verkefnisstjóri: Benedikt Guðmundsson
Gerð skýrslu / Verkstig:		Verknúmer:
Unnið fyrir:		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur:		
Lykilorð:	ISBN-númer: 978-9979-68-342-1	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: Guðna A. Jóhannessyni 	

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2013.....	6
2.1	Almennar niðurgreiðslur	6
2.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva	7
2.3	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar	7
2.4	Smávirkjana- og varmadæluverkefni	8
2.5	Jarðhitaleit.....	8
2.6	Orkusparnaðaráttak	8
2.7	Umsjón og rekstur Orkustofnunar.....	8
2.8	Niðurstaða ársins 2013	8
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2014	8
3.1	Almennar niðurgreiðslur	8
3.2	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar.....	10
3.3	Jarðhitaleit á köldum svæðum	10
3.4	Orkusparnaðaráttak	10
3.5	Rekstur Orkustofnunar	10
3.6	Endurskoðuð áætlun ársins 2014	10
4	FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2015	11
4.1	Almennar niðurgreiðslur í þéttbýli	11
4.2	Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar.....	11
4.3	Jarðhitaleit á köldum svæðum	12
4.5	Orkusparnaðaráttak	12
4.6	Rekstur Orkustofnunar	12
MYNDASKRÁ		
Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2012 á verðlagi hvers árs		
m.v. meðalvísitölu neysluverðs í árslok 2012.....		6
TÖFLUSKRÁ		
Tafla 1: Áætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um ráðstöfun		
fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2013		7
Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í m. kr.....		7
Tafla 3: Eingreiðslur til hitaveitna.....		8
Tafla 4: Ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2013		8
Tafla 5: Fjárveiting til fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2014.....		9
Tafla 6: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna og bættrar orkunýtingar árið 2013.....		10
Tafla 7: Endurreiknuð áætlun ársins 2014		10
Tafla 8: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2015.....		11
Tafla 9: Fjárbörf vegna eingreiðslna 2015.....		11


1 INNGANGUR

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78 frá 2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár. Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Þar er einnig að finna upplýsingar um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadæla og jarðhitaleitar á köldum svæðum. Skýrslan er gerð í október 2014, áður en fjárlög ársins 2014 hafa verið samþykkt af Alþingi og verður því áætlun ársins 2015 byggð á því sem fram kemur í frumvarpinu og verður endurskoðaður lok desember 2014.

2 NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2013

2.1 Almennar niðurgreiðslur

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Samtals hefur verið varið úr ríkissjóði tæpum 36 milljörðum króna á núvirði til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2013 á verðlagi hvers árs og m.v. meðalvísitölu neysluverðs í árslok 2013

Fjárveiting samkvæmt fjárlögum 2013, fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði, nam 1.418 m.kr. Aukið fjármagn til fjárlagaliðarins er í takt við stefnumið þau að niðurgreiða dreifingu að fullu á einhverjum tímavörðum. Áætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 fyrir árið 2013 var eftirfarandi samkvæmt töflu 1:

Fjárlagaliður 11-373	2013 upphæð í kr.
Fjárheimild skv. fjárlögum 2013	1.418.000.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.234.971.886
Olíu og heimarafstöðvar	13.000.000
Orkusparnaður allt að 2%	27.500.000
Umsjón Orkustofnunar	15.000.000
Jarðhitaleit	0
Stofnstyrkir	95.528.114
Sérmerkt framlag til Hitav. Skagastrandar	32.000.000
Samtals:	1.418.000.000

Tafla 1: Áætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2013

Í töflu 2 má sjá hvernig niðurgreiðslur skiptast. Til dreifiveitna fóru 1.208,6 m.kr. til lækkunar á raforkureikningi notenda eða 26 m.kr. minna en áætlun gerði ráð.

Ár 2013	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HSV	Rafveita Reyðarfjarðar	OR	Norðurorka	Samtals m.kr.
Samtals millj. kr.	844,7	232,8	92,4	33,8	4,9	0,5	1.208,6

Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna í m. kr.

2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Á árinu 2012 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 12 m.kr. sem er nánast sama talan og árið 2012. Það skýrist m.a. á því að tveir nýir aðilar komu inn með niðurgreiðslu þannig að lækkunin sem að var stefnt skilaði sér ekki og liðurinn fór fram úr því sem áætlað var. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 2,8 m.kr. sem er nánast það sama og árið á undan. Til þessa málaflokks fóru því 14,7 m.kr. Samtals námu niðurgreiðslur vegna húshitunar frá dreifiveitum, heimarafstöðvum og vegna olíuhitunar 1.223,3 m.kr.

2.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Eingreiðslur til bættrar orkunýtingar námu 17 m.kr. á árinu 2013. Aðeins dró úr eftirspurn á árinu en allt bendir til að menn hafi verið að bíða eftir breytingum á lögum um niðurfellingu virðisaukaskatts á varmadælum sem staðið hefur til að afnema. Hitaveituframkvæmdir, sem hafa verið með minna móti, eru aftur að komast á skrið og á árinu 2013 voru greiddar eingreiðslur að upphæð 142 m.kr. Í töflu 3 má sjá þær framkvæmdir sem greiddar voru út á árinu 2013.

	Eingreiðsla Heildarupphæð
Hitaveituframkvæmdir á árinu 2013	
Norðurorka vegna Vesturveitu áfangi 2	5.211.960
Skagafjarðarveita vegna Hegrans	25.919.775
Lagning hitaveitu til Skagastrandar	109.081.932
Eingreiðslur vegna bættrar orkunýtingar	17.000.000
Aðrar minni framkvæmdir	2.214.121
Samtals eingreiðslur til hitaveitna	159.427.788

Tafla 3: Eingreiðslur til hitaveitna

2.4 Smávirkjana- og varmadæluverkefni

Þessum verkefnum er lokið og nú eru eingöngu samskipti tengd eingreiðslum sem koma á borð Orkustofnunar. Orkustofnun hefur þó hug á að vinna frekar að kortlagningu virkjunarkosta vegna smávirkjana og þá er í gangi vinna í tengslum við eingreiðslur vegna uppsetninga á varmadælum. Sú

vinna snýst fyrst og fremst um söfnun upplýsinga um notkun fyrir og eftir til að meta þann ávinning sem notendur hafa af framkvæmdinni.

2.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt er að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna vegna húshitunar, til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Það er iðnaðar- og viðskiptaráðherra að ákvarða hverju sinni hversu miklu skuli varið til jarðhitaleitar og á árinu 2013 var ákvörðun ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, að sleppa því að leggja fjármuni til jarðhitaleitar þar sem mörgum verkefnum er ekki lokið sem útteilt var til á s.l. tveimur til þremur árum.

2.6 Orkusparnaðaráttak

Áfram var unnið að þeim verkefnum sem farið var af stað með fyrir tveimur árum ásamt verkefnum tengdum varmadælum og bættri orkunýtingu. Einnig stóð Orkustofnun og Orkusetur fyrir fundarherferð í Fljótsdalshreppi. Farið var í samvinnuverkefni með íbúum. Verkefnið samanstendur af nokkrum þáttum s.s. eins og því:

- Að einangra þök
- Að endurglerja og skipta um glugga þar sem þörf er
- Að kortleggja ástand íbúða og gera áætlun um endurbætur

Áfram er unnið að þessu verkefni á árinu 2014 og áætlað að því verði lokið á árinu 2015.

2.7 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Orkustofnun fékk á árinu 15 m. kr. vegna umsjónar með niðurgreiðslum til húshitunar. Hækkunin var vegna endurbóta á gagnagrunni sem skilar sér í betra eftirliti og einfaldari umsjón.

2.8 Niðurstaða ársins 2013

Beinar niðurgreiðslur reyndust lægri en ráð var gert fyrir sem gerði það að verkum að hægt var að standa að mestu við skuldbindingar vegna hitaveituvæðingar og bættrar orkunýtingar.

	Áætlun 2013	Niðurstaða ársins 2013
1. Niðurgreiðslur á húshitun	1.234.971.886	1.208.600.000
2. Olíu og heimarafstöðvar	13.000.000	14.700.000
3. Orkusparnaðaráttak allt að 3%	27.500.000	27.500.000
4. Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	15.000.000	15.000.000
5. Jarðhitaleit	0	0
6. Stofnstyrkir/bætt orkunýting	95.528.114	127.427.788
Sérmerkt framlag til Hitav. Skagastrandar	32.000.000	32.000.000
Samtals:	1.418.000.000	1.425.227.788

Tafla 4: Ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373 á árinu 2013

3 ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2014

3.1 Almennar niðurgreiðslur

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2014 nemur fjárveiting til fjárlagaliðar 11-373, til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar alls 1.405,5 m.kr. Fjárveitingin skiptist á 5 verkefnaliði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár. Í lögnum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á húshitun og greiðsla kostnaðar af umsjón og eftirliti gangi fyrir, en að heimilt sé að verja allt að 20% heildarfjárveitingar til stofnstyrkja, allt að 5% til jarðhitaleitar og allt að 3% til orkusparnaðaraðgerða. Ákvörðun atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um skiptingu á

fjármunum til niðurgreiðslna fyrir árið 2014, byggir á tillögum Orkustofnunar sem byggir á fyrirbyggjandi beiðnum dreifiveitna um hækkun gjaldskrár frá 1. janúar 2014

Fjárlagaliður 11-373	2014 Áætlun
Fjárheimild skv. fjárlögum 2014	1.405.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.200.415.156
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	12.000.000
Orkusparnaður allt að 1,5%	21.000.000
Umsjón Orkustofnunar	12.000.000
Jarðhitaleit	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	160.084.844
Samtals:	1.405.500.000

Tafla 5 : Fjárveiting til fjárlagaliðar 11-373 og ráðstöfun á árinu 2014

Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna

a) Hækkun niðurgreiðslna á húshitun

Samkvæmt fjárlögum lækkar fjárlagaliður 11-373 um 13 m.kr. milli ára en á sama tíma hækkar dreifbýlisframlag sem gefur svigrúm til lækkunar á niðurgreiðslum í dreifbýli sem nýta má til hækkunar í þéttbýli sem er í samræmi við niðurstöður í skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar frá því í desember 2011 þar sem lagt er til að í framtíðinni verði dreifing og flutningur á raforku niðurgreiddur að fullu til íbúðareigenda með rafhitun. Í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram hefur verið gætt jafnræðis hvað varðar hækkun, þannig að meðaltal hækkunar er að jafnaði um 0,10 kr/kWst. Það þýðir að nú niðurgreiðir ríkissjóður 72% af dreifikostnaði á hverju dreifiveitusvæði.

b) Niðurfelling niðurgreiðslna á húshitun þar sem enginn hefur lögheimilisfestu

Á árinu 2012 var felld út heimild skv. 4. tl., 4. gr. laga nr. 78/2002, en skv. þeirri grein var heimilt að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignaskrá Íslands, þótt þar sé ekki föst búseta. Orkustofnun fór fram á fjárveitingu til að endurbæta umsóknargrunninn til að fylgja ofanskráðri aðgerð eftir með ítarlegri leit í þeim gagnagrunnum sem stofnunin nýtir sér til að halda utan um niðurgreiðslur. Þessi vinna leiddi til þess að 850 notendur misstu niðurgreiðslurétt sinn og heildarupphæðin sem sparast við þessa aðgerð liggur á bilinu 50 til 70 m.kr. sem gerir það að verkum að hægt verður á árinu 2014 að hækka hlutfall niðurgreiðslna af dreifikostnaði.

Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Nú þegar hefur Orkustofnun greitt til beggja hópa fyrstu þrjá ársfjórðungana og hafa tæpar 10 m.kr farið til olíuniðurgreiðslna sem er umfram áætlun. Skýringin liggur í því að einn nýr aðili kom inn sem átti rétt aftur í tímann vegna mistaka sem leiðir til þess að liðurinn sem átti að kosta 11 m.kr alls hækkar í 12,5 m.kr. Greiðslur vegna heimarafstöðva eru hinsvegar á pari og munu þær verða um 2,5 m.kr eins og ráð var fyrir gert.

3.2 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Hitaveita til Skagastrandar er stærsta einstaka verkefnið sem verið er að greiða til á árinu 2014 og bendir allt til þess að það takist að greiða þeim að mestu með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru. Önnur stór verkefni tengjast hitaveitu í Skagafirði og á Eyjafjarðarsvæðinu. Þá eru eingreiðslur til einstaklinga með svipuðum hætti og undanfarin ár. Enn er óvíst hvort hægt verði að greiða allt út sem beðið er um enda munu sumum verkefnum ekki ljúka fyrr en á árinu 2015.

	2014 Eingreiðslur
Eingreiðslur vegna lagningar hitaveitu til Skagastrandar	114.403.463
Eingreiðsla til Orkuveitu Húsavíkur	2.390.400
Eingreiðsla til Skagafjarðarveitna	21.560.768
Eingreiðsla til Norðurorku/Vesturveitna	18.827.689
Eingreiðslur til einstaklinga vegna bættrar orkunýtingar	27.000.000
Samtals	184.182.320

Tafla 6: Áætlaðar eingreiðslur til hitaveitna og bættrar orkunýtingar árið 2014

3.3 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að leggja fjármuni af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna til annarra verkefna en beinna niðurgreiðslna. Orkustofnun hefur áður nefnt þörfina á því að endurskoða og leggja mat á árangur jarðhitaleitar og hagkvæmni hitaveituvæðingar í dreifbýli.

3.4 Orkusparnaðaráttak

Orkustofnun og Orkusetur ásamt sveitastjórn Fljótisdalshrepps fóru sameiginlegt í áttak og hafa verið haldnir íbúafundir og eignir í sveitarfélaginu skoðaðar m.t.t. hvaða endurbóta þurfi að ráðast í samhliða áttaki til bættrar orkunýtingar. Þá er hafin vinna í samráði við Byggðastofnun um áttak til orkusparnaðar á þeim svæðum sem skilgreind hafa verið sem „Brotthættar byggðir“

3.5 Rekstur Orkustofnunar

Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins fær Orkustofnun 12 m.kr. árið 2014 vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Það er sama og verið hefur á undanförunum árum..

3.6 Endurskoðuð áætlun ársins 2014

Fjöldi niðurgreiddra kWst fer stöðugt fækkandi og er mælikvarði á hversu vel hefur tekist til með umsjón og eftirlit. Auk þess hafa framkvæmdir vegna hitaveitu- og varmadæluvæðingar ásamt markvissri herferð til orkusparnaðar skilað þessum árangri.

Fjárlagaliður 11-373	2014 Áætlun	2014 Ný áætlun
Fjárheimild skv. fjárlögum 2014	1.405.500.000	1.405.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.200.415.156	1.173.297.408
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	12.000.000	15.020.272
Orkusparnaður allt að 1,5%	21.000.000	21.000.000
Umsjón Orkustofnunar	12.000.000	12.000.000
Jarðhitaleit	0	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	160.084.844	184.182.320
Samtals	1.405.500.000	1.405.500.000

Tafla 7: Endurreiknuð áætlun ársins 2014

Mikilvægt er að hægt verði að halda áfram verkefnum sem til lengri tíma litið leiða til lækkunar á niðurgreiðslum, svo sem styrkir til uppsetningar varmadæla og styrkir til einangrunar húsa. Hitaveitur munu þó ganga fyrir og greiðslur miðaðar við að hitaveitur fái lögboðin framlög. Eftir því sem niðurgreiðslur hækka (kr/kwst) þá hækka eingreiðslurnar margfalt og það þarf að hafa í huga við ákvörðun fjárlagaliðarins.

4 FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2015

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 1.422,5 m.kr til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Orkustofnun skiptir fjárveitingunni upp og leggur fyrir ráðuneytið sem fyrstu drög.

Fjárlagaliður 11-373	2015 Áætlun
Fjárheimild skv. fjárlögum	1.422.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.200.415.156
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	15.000.000
Orkusparnaður allt að 3%	42.675.000
Umsjón Orkustofnun	12.000.000
Jarðhitaleit	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	152.409.844
Samtals	1.422.500.000

Tafla 8: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2015

4.1 Almennar niðurgreiðslur í þéttbýli

Það má búast við töluverðum breytingum á beinum niðurgreiðslum ef niðurstaðan verður sú að jöfnunargjald og nýr virðisaukaskattur verður lagður á notendur. Þær munu hækka og þegar síðan dreifbýlisframlagið hækkar í apríl 2015 breytast þær aftur.

Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Ekki er búist við breytingum á niðurgreiðslum til ofanskráða þátta á árinu 2015.

4.2 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Það stefnir allt í að Orkustofnun verði búinn að greiða að mestu fyrirbyggjandi beiðnir um eingreiðslur frá hitaveitum í árslok 2014. Eftir standa verkefni sem hófust á árinu 2014 eða jafnvel fyrr en ekki hefur tekist að ljúka. Þá er sífellt verið að skoða möguleika á lagningu hitaveitna í dreifbýli um lengri veg frá borholu en hagkvæmnin er víða ábótavant.

Hitaveitur og orkusparandi aðgerðir	Til gr. 2015
Skagaströnd framkvæmd 2013	62.000.000
Hegranes framkvæmd 2013	3.000.000
Eyjafjarðarsveit framkvæmd 2013	15.000.000
Óuppgert vegna hitaveitu Hörgárbyggð/Reykjaveita	16.000.000
Vegna Vesturveitu í Eyjafjarðarsveit	8.000.000
Vegna hitaveitu Egilsstaða og Fella	8.000.000
Vegna bættrar orkunýtingar og ófyrirséð	40.409.844
	152.409.844

Tafla 9: Fjárbörð vegna eingreiðslna 201

Varmadæluvæðing landans heldur áfram og hefur aukist eftir að samþykkt var að endurgreiða notendum virðisaukaskatt af þeim. Þá er Orkustofnun með hugmyndir um fækkun notenda með niðurgreiðslur sem þá yrðu borgaðir út af þeim með styrkjum til bættrar orkunýtingar.

4.3 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Ekki verður fjármunum varið til jarðhitaleitar frekar en fyrri ár.

4.5 Orkusparnaðaráttak

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagaliðnum til orkusparandi aðgerða. Í fyrstu drögum er lagt til að 3% verði nýtt að fullu en tekið skal fram að þetta eru aðeins frumdrög og endanleg skipting fjármuna mun liggja fyrir þegar niðurstaða fæst í þau lagafrumvörp sem fyrir Alþingi liggja sem tengjast niðurgreiðslum.

4.6 Rekstur Orkustofnunar

Sem fyrr er aðeins gert ráð fyrir 12 m.kr vegna umsjónar og eftirlits. Sú upphæð hefur verið óbreytt frá 2003 en vísitala neysluverðs hefur hækkað um 85% á sama tíma. Orkustofnun telur alveg tímabært að hækka þetta framlag

Orkustofnun áskilur sér rétt til að endurskoða áætlun ársins 2015 þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi. Frumvarpið er enn til meðferðar í þinginu í þessum rituðu orðum og jafnframt er frumvarp um jöfnunargjald á raforku til meðferðar líka. Þá mun dreifbýlisframlagið hækka frá og með 1. apríl 2015 sem hefur áhrif á niðurgreiðslurnar líka. Því er Orkustofnun óhægt um vik að gera áætlun fyrir 2015 á þessu stigi málsins.



ORKUSTOFNUN